

Arctic Smolt ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafirði

22. maí 2025
UST202207-136/A.P.
08.04

Ákvörðun um útgáfu á endurskoðuðu starfsleyfi – Arctic Smolt ehf. Norður-Botni

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Arctic Smolt ehf. um starfsleyfi til seiðaeldis í Norður-Botni í Tálknafirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir seiðaeldi á laxfiskum með allt að 2.400 tonna lífmassa á hverjum tíma. Starfsleyfið byggir á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stöð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar stofnunarinnar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 21. maí 2041. Hjalagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur